



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
b.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2016

1603038SA GB/vóhs
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli o.fl. - 545. mál 145. lþ.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis dags. 14. mars sl. var ofangreint þingmál sent til umsagnar.

Almennt um frumvarpið

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirliti með frumframleiðslu matjurta og framleiðslu matvæla úr kapla-, geita- og sauðamjólki. Auk þess hafa verið teknar upp í EES-samninginn reglugerðir Evrópusambandsins sem ber að innleiða í íslenskan rétt, annars vegar um aukaafurðir og hins vegar um samþykki fyrir starfsstöðvum sem framleiða spírur. Eftirlit með frumframleiðslu mun þar með færast frá Matvælastofnun yfir til sveitarfélaganna og vera á hendi eins aðila í stað tveggja samkvæmt núverandi fyrirkomulagi. Með breytingartillögum er löggjafinn að sporna við óljósri verkaskiptingu sem borið hefur á við eftirlit með frumframleiðslu.

Frumvarpið var samið í samráði við Matvælastofnun og í samráðsferlinu var leitað umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem skilaði umsögn til ráðuneytisins hinn 26. október 2015.

Meginþættir frumvarpsins

Að álit sambandsins er það jákvætt skref að eftirlit með frumframleiðslu matjurta færist frá Matvælastofnun til heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna, enda fara heilbrigðisnefndirnar nú þegar með markaðseftirlit, þ.e. þökkun og dreifingu á sömu vörum. Breytingin hefur í för með sér hagkvæmni fyrir stjórnvöld og fyrir framleiðendur matjurta enda hverfur eftirlit frá því að vera á höndum tveggja aðila yfir í að vera einungis hjá heilbrigðisnefndunum.

Þá tekur Samband Íslenskra sveitarfélaga undir þær breytingartillögur sem er að finna í frumvarpinu þar sem lagt er til að matvælafyrirtæki sem framleiða kapla-, geita- og sauðamjólki hafi starfsleyfi. Eins og sambandið benti á í fyrri umsögn sinni um málið, ber stjórnvöldum að hafa í huga að setning reglna um aðlögun á ákveðnum kröfum í hollustuháttalöggjöfinni ber að setja með einföldun og aukna skilvirkni í regluverki atvinnulífsins að leiðarljósi. Staðan er þannig í dag að framleiðsla er lítil og ný reglusetning verður að búa yfir þeim sveigjanleika sem þarf til þess að ná til þeirra sem stunda framleiðslu umræddra afurða, veita aðlaganir um byggingar og búnað en um leið tryggja kröfur um almenna hollustuhætti.

Þá var í upphaflegum drögum frumvarpsins gert ráð fyrir að eftirlit með frumframleiðslu á spírur yrði áfram hjá MAST. Í fyrri umsögn sambandsins um frumvarpið var hins vegar gerð tillaga um hreina verkaskiptingu þannig að allt eftirlit



með frumframleiðslu grænmetis færðist frá MAST til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, enda í því fólgnir mun meiri hagsmunir. Ráðuneytið hefur nú fallið frá fyrri tillögu um að eftirlit með frumframleiðslu spíra yrði áfram hjá MAST og fallist á tillögu sambandsins um hreina verkaskiptingu á eftirliti með allri frumframleiðslu grænmetis. Sambandið fagnar þessum breytingum ráðuneytisins á frumvarpinu.

Kostnaðaráhrif

Frumvarpið var sent Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar í samráðsferlinu hinn 9. október 2015. Með tölvupósti dags. 14. október s.á. kallaði sambandið eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um umfang þeirra verkefna sem til stóð að myndu flytjast frá MAST til heilbrigðiseftirlits svæða sveitarfélaganna. Var í erindi sambandsins sérstaklega spurt hvort umræddu eftirliti yrði sinnt af ákveðnum starfsmanni í fullu starfi eða skilgreint sem ákveðið hlutfall af stöðugildi. Ekkert svar barst frá ráðuneytinu við þessari fyrirspurn sambandsins.

Meðfylgjandi frumvarpinu nú er loks að finna kostnaðarmat atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem ekki hefur verið staðfest af sambandinu, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Samkvæmt kostnaðarmatinu kemur fram að starfsmenn MAST munu sinna eftirliti með frumframleiðslu matjurta samhliða öðrum eftirlitsverkefnum. Þá er það niðurstaða ráðuneytisins að áhrif frumvarpsins á heildarútgjöld sveitarfélaga verða óveruleg.

Sambandið ítrekar hins vegar fyrri athugasemdir sínar sem fram komu í umsögn dags. 26. október 2015, um að stjórnarfrumvörp og reglugerðardrög sem undirbúin eru í ráðuneytum og einvörðungu eða að verulegu leyti hafa bein áhrif á sveitarfélögin, séu kostnaðarmetin um leið og fyrirsjáanlegt er að þau geti haft heildaráhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarfélög bera ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Í tengslum við þær tillögur sem fram koma í frumvarpinu vill sambandið benda ráðuneytinu á að eftirlitsaðilar eins og heilbrigðisnefndirnar hafa heimild til að auka eða draga úr eftirliti að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Til að svo sé gert þurfa hins vegar að liggja fyrir upplýsingar um tíðni eftirlits sem ætlunin er að færast frá MAST yfir til heilbrigðisnefndanna.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs